



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2024

Safngestir voru 30.000 talsins á árinu og fækkaði um 14% frá fyrra ári – sem skýrist fyrst og fremst af fækkun gesta í skipulögðum hópum. Hlutfall erlendra gesta var sambærilegt og á fyrra ári, eða 71% og skipulagðar leiðsagnir um sýningar safnsins voru 594 auk þess sem 49 síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka. Þá heimsóttu 715 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 841 á árinu.

Í upphafi árs voru fastráðnir starfsmenn við safnið þrír, í jafnmörgum stöðugildum; Anita Elefsen, Edda Björk Jónsdóttir og Daníel Pétur Daníelsson. Hildur Örlygsdóttir var í hlutastarfi við fjölbreytt verkefni, bæði gestamóttöku, skráningar- og ljósmyndunarverkefni. Að auki voru ráðnir til starfa þrettán sumarstarfsmenn sem önnuðust flestir almenna gestamóttöku, safngæslu, þríf, leiðsagnir og þjónustu við safngesti og störf á Síldarkaffi. Bátasmiður var við störf í fimm mánuði og sinnti fjölbreyttum verkefnum. Starfsmannahópurinn taldi þegar mest var 17 starfsmenn og var einstaklega samheldinn og tókst á við verulega krefjandi viðfangsefni og verkefni – og ber þá helst að nefna lokasprettinn við framkvæmdir á Salthúsinu og formlega opnun á Síldarkaffi. Síðsumars hélt sumarstarfsfólk aftur til náms og fækkaði hratt í hópnum auk þess sem Edda Björk var frá störfum frá miðjum ágústmánuði vegna veikinda. Veturinn var starfsfólki safnsins ansi strembinn, þar sem mörg verkefni biðu og starfsmenn hefðu þurft að vera fleiri.

Starfsfólk Síldarminjasafnsins tók þátt í ýmsum ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og samvinnuverkefnum á árinu, en mikil áhersla er lögð á símenntun starfsmanna og fjölbreytta möguleika til að auka við þekkingu sem og að miðla þeirri reynslu og þekkingu sem safnið og starfsfólk þess býr yfir. Í því sambandi ber helst að nefna nefna:

- Vistaskipti við Ljósmyndasafn Reykjavíkur í febrúar, en þá dvaldi Edda Björk vikulengt í höfuðborginni og var tilgangur dvalarinnar að læra af kollegum, nýta kunnáttu og þekkingu þeirra og staðfæra hana að faglegu starfi Síldarminjasafnsins við skráningu og meðhöndlun ljósmynda í safnkostinum.
- Fjárfestahátíð Norðanáttar fór fram á Siglufirði og stór hluti dagskrár fór fram í Batahúsinu, en þar kynntu frumkvöðlar sprotafyrirtæki sín fyrir fjárfestum. Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, flutti ávarp og fjallaði um íslenska nýsköpun og mikilvægi hennar í sögulegu samhengi.
- Anita safnstjóri sótti málþing um íslenska strandmenningu á Akranesi í mars og tók þar þátt í pallborðsumræðum.
- Í apríl stóð Síldarminjasafnið, með stuðningi frá Safnaráði, fyrir námskeiði um varðveislu málverka fyrir safnafólk á Norðurlandi. Kennsla var í höndum Nathalie Jacqueminet málverkaforvarðar, sem fjallaði um öll helstu atriði sem hafa þarf að leiðarljósi við

varðveislumálverka – en þau eru í eðli sínu flóknir og viðkvæmir safngripir og því mikilvægt að kynna sér varðveislumálverka þeirra vel.

- *Safnasóknin* – fundur á vegum FÍSOS um styrkleika og áskoranir í safnastarfi og einnig hvernig megi best kynna mikilvægt hlutverk safna í samfélaginu og gæta hagsmuna þeirra fór fram í Salthúsinu í aprílmánuði og var vel sóttur af safnafólki á Norðurlandi.
- Edda og Daníel héldu til Tékklands í apríl og voru þar viðstödd vígslu bruggsafnsins sem Síldarminjasafnið hefur átt í samstarfi við frá árinu 2021, en þar hefur verið unnið þrekvirki við endurreisn 19. aldar bruggverksmiðjusem og alls tækjabúnaðarins sem notaður var til bruggunar. Verkefninu var þar með formlega lokið en það hefur verið gríðarlega umfangsmikið og hlutverk Síldarminjasafnsins sem samstarfsaðila hefur fyrst og fremst verið að veita ráðgjöf um sýningarhönnun og upplifun gesta.
- Um miðjan septembermánuð sótti Daníel Pétur Daníelsson alþjóðþing sjóminjasafna (International Congress of Maritime Museums) fyrir hönd Síldarminjasafnsins. Þingið fór fram í Hollandi og sóttu það 200 starfsmenn sjóminjasafna frá 40 ólíkum löndum um allan heim.
- Starfsfólk safnsins sótti árlegan Farskóla safnmanna í október sem í þetta sinnið fór fram á Akureyri.
- Síldarminjasafnið tók þátt í Evrópuverkefninu CE4RT, verkefni um hringrásarhagkerfi fyrir nærandi ferðaþjónustu, og hlaut formlega vottun fyrir þátttökuna. Nærandi ferðaþjónusta snýst um að gefa til baka — að efla líf, menningu og samfélag á heimavelli. Við leggjum okkur fram við að stuðla að ábyrgri þróun sem styrkir bæði samfélagið, menninguna og efnahaginn í Fjallabyggð. Lokahnykkur verkefnisins fór fram í Dingle á Írlandi þar sem þau Anita og Daníel tóku þátt í þriggja daga ráðstefnu.
- Árlegt Bátasmíðanámskeið fór fram í Gamla Slippnum í október þar sem unnið var að viðgerð og nýsmíði súðbyrtra báta. Kennsla var í höndum þeirra Hafliða Aðalsteinssonar og Einars Jóhanns Lárussonar. Námskeiðið var fullsetið með tíu þátttakendum og komust færri að en vildu, eins og fyrri ár. Handverkið við smíði súðbyrðinga er á heimsminjaskrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf og eru námskeiðin þáttur í að tryggja að þekkingin glatist ekki, heldur lærist mann fram af manni.

Viðburðahald var afar fjölbreytt á árinu. Eins og fram hefur komið fóru fram tæplega fimmtíu síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka en jafnframt má nefna að Síldarminjasafnið tók virkan þátt í Eyfirska safnadeginum, Alþjóðlega safnadeginum, Trilludögum og Síldarævintýri. Árið 2024 var sannkallað afmælisár – en á árinu voru 35 ár frá stofnun FÁUM, Félags áhugamanna um minjasafn, 30 ár frá vígslu Róaldsbrakka, 25 ár frá því að Grána reis, 20 ár frá vígslu Batahússins – og að auki fóru fram formleg vígsla Salthússins og opnun Síldarkaffis þann 3. ágúst. Eins og hefð hefur skapast fyrir fóru tónleikar Þjóðlagahátíðar að hluta fram í húsakynnum safnsins, bæði í Batahúsinu og Gránu. Fleiri tónleikar fóru fram í safnhúsunum: Finnska Þjóðlagasöngkonan Anna Fält hélt tónleika í Gránu, Atli Arnarsson og Trío Sól stóðu fyrir tónleikum í Batahúsinu og árlegir jólatónleikar Síldarminjasafnsins fóru fram í desember. Á haustdögum var ákveðið endurtaka þátttöku í hrekkjavöku, og var gestum og gangandi boðið að heimsækja Gránu sem hafði tekið á sig mynd draugaverksmiðju. Árlegar aðventuheimsóknir leik- og grunnskólabarna gengu vel og fóru fram á Síldarkaffi. Þá var eldri borgurum jafnframt boðið til samverustundar á aðventunni og Hallgrímur Helgason sýndi einleik sinn um heim bókanna *Sextíu kíló af sólskini* á Salthúsloftinu í nóvember. Það er starfsfólki Síldarminjasafnsins mikið keppikefli að eiga í góðu sambandi við nærsamfélagið og er viðburðahald stór þáttur þess að tengjast og þjóna nærsamfélaginu enn

frekar. Safnið er ekki síður fyrir heimafólk en gestkomandi, og með ólíkum viðburðum á öllum árstíðum hefur okkur tekist að hvetja heimafólk til endurtekinnna heimsóknna á safnið.

Síldarminjasafnið tók þátt í spennandi samstarfsverkefnum á árinu, fyrst með Baldvin Ingimarssyni sem í samvinnu við ORA lét framleiða bæði marineraða síld og sælkerasíld í sérmerktum umbúðum. Síldin var svo seld á safninu og var uppseld fyrir sumarlok. Þá var jafnframt lögð mikil vinna í íslenska útgáfu bókarinnar *Síldardiplómasía* í samvinnu við Bókaútgáfuna Hóla. Bókin var upphaflega skrifuð og gefin út á sænsku, af þeim Ted Karlberg og Håkan Juholt – en þeir kynntust fyrst á Norrænni Strandmenningarhátíð hér á Siglufirði. Ted er sannkallaður meistarakokkur þegar kemur að síldarréttum og setti til að mynda saman síldarréttina fyrir Síldarkaffi. Håkan er diplómati og fyrrum sendiherra Svíþjóðar á Íslandi og hefur þar og annars staðar hampað síldinni hvenær sem tækifæri gefst til, enda fær hún „fólk til að tala saman,“ svo að notuð séu hans eigin orð. Síldardiplómasía fjallar um hinar mörgu hliðar síldarinnar, allt frá þætti hennar í menningu þjóða yfir uppskriftir af dýrindis síldarréttum, með viðkomu á ótal stöðum, meðal annars hjá þremur íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem stunda síldveiðar. Útgáfuhóf fór fram á Síldarkaffi í desemberbyrjun, að Ted Karlberg viðstöddum. Þá var sett upp sýning á verkum listamannsins Brian Pilkington í Gránu í ágúst og stóð sýningin út september. Hún var hluti af *Myndasöguhátíð Siglufjarðar* og nutu íbúar og skólabörn í sveitarfélaginu góðs af því að sýningin stóð gestum opin í fimm vikur.

Skráning á safnkosti fór sem fyrr fram með skipulögðum hætti en lítið svigrúm gafst til skráningarvinnu eftir fyrsta ársfjórðung. Öll orka og allur tími fór í vinnu við Salthúsið samhliða gestamóttöku, en eftir sem áður var hafist handa við skráningu gripa í súðarkompum í Gránu. Ný aðföng bárust sem fyrr, allan ársins hring. Tölusettar voru 70 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 153 gripi. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 342 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng og eru nú um 4.670 aðföng frá Síldarminjasafninu skráð í kerfið. Að venju var skráningu ljósmynda sinnt skipulega og er samstarf við eldri borgara staðarins þar lykilatriði. Þrjátíu og sjö myndasýningar voru haldnar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra á árinu og greindar voru um 2.300 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara.

Snemma árs var tilkynnt að Síldarminjasafnið væri meðal tíu áningarstaða í Evrópu sem tilnefnd voru til Arival TourReview verðlaunanna í flokki lítilla ferðamannastaða. Til gamans má geta að tilnefningar í flokki stórra ferðamannastaða eru Louvre-safnið í París, Colosseum í Róm, Eiffel turninn, La Sagrada Familia í Barcelona, Kastalinn í Prag og dómkirkjan í Milánó.

Framkvæmdum við Salthúsið var formlega lokið snemma í ágúst, með opnun og vígslu á Síldarkaffi. Öll þau verkefni sem sinna þurfti voru sett í forgang og lagði starfsfólk safnsins gríðarlega mikla vinnu í allt það sem þurfti að gera; flutning á safnkosti og skipulag í varðveislurýmum, málningarvinnu, hönnun og innréttingar á kaffihúsinu – sem og allan undirbúning og skipulag á rekstri kaffihússins. Í apríl var auglýst eftir rekstraraðila til að sinna veitingarekstrinum en undirtektir voru því miður engar. Það var því ákveðið að safnið myndi sjálfst sinna rekstrinum. Sænsku síldarkokkarnir Ted Karlberg og Joakim Bengtsson dvöldu á Siglufirði í nokkra daga til þess að aðstoða safnið við þróun matseðils og framreiðslu á síldarréttum. Jón Guðný Jónsdóttir var ráðin til þess að sinna bakstri og matseld en að öðru leyti gekk starfsfólk safnsins í öll þau störf sem þörf var á. Viðtökurnar voru afskaplega góðar og virðist tilkoma Síldarkaffis falla vel í kramið hjá bæði heimafólki og gestkomandi. Síldarkaffi var opið alla daga vikunnar í ágúst, september og október en í nóvember og desember var opið þrjá daga í viku. Til viðbótar við almenna opnun var boðið upp á bröns, kaffihlaðborð, síldarveislu, vikulega foreldramorgna og samverustundir fyrir eldri borgara, tónleika, fyrirlestra og aðra viðburði.

Ákveðið var að halda skipulagðri opnun allt fram til ársloka, en vetrarmánuðirnir voru ansi þungir og var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 1,7 mkr.

Vatnsflóð í safnhúsum endurtóku sig enn á ný í ágúst mánuði. Leita þurfti liðsinnis Björgunarsveitar og Slökkviliðs til að dæla vatni út úr safnhúsum – bæði Njarðarskemmu og Bátahúsi (sem aldrei hefur skeð fyrr) og af safnlóðinni. Dælur slökkviliðsins höfðu illa undan vatnsmagninu og dældu viðstöðulaust í nær 50 klst! Þá skreið bakkinn ofan við Bátahús enn á ný af stað og aur lagðist upp að neyðarútgöngum hússins. Afar illa hefur gengið að þoka málinu áfram og fá viðbrögð við kröfum um úrbætur, en ástandið er óviðunandi að öllu leyti. Frárennsli á safnsvæðinu er verulega ábótavant og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr vandanum eða fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig. Tryggingafélag safnsins vísar á NTÍ og Ofanflóðasjóð. Náttúruhamfaratrygging Íslands hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að umræddar aðstæður falli ekki undir skilgreiningu tryggingarinnar á *vatnsflóði*, en í slíkum tilfellum þyrfti árfarvegur að flæða yfir bakka sína. Þá var leitað til sveitarfélagsins sem hafði milligöngu um samskipti við Ofanflóðasjóð, en sýnt er að upptök vandans eru í fjallinu ofan bæjarins. Matsmenn Ofanflóðasjóðs komu til fundar á haustdögum og var safnstjóra boðið að sitja fundinn. Góðar umræður fóru fram og einhverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í fjallinu ofan bæjarins – en beinar framkvæmdir hér á safnlóðinni bíða enn. Málinu er því enn ólokið, gripirnir af sýningunni í Njarðarskemmu eru enn í geymslu, engar viðgerðir hafnar á húsinu sjálfu – og starfsfólk safnsins setur sig í viðbragðsstöðu í hvert sinn sem mikilla rigninga er að vænta.

Rekstur safnsins gekk sæmilega á árinu. Tekjur af rekstri safnsins drógust saman í takt við fækkun safngesta og voru 5 mkr. lægri en árið áður, eða 64 mkr. Þó jukust heildartekjur ársins, sem numu 110,5 mkr. og hækkuðu um tæp 7% eða 7 mkr. frá fyrra ári. Það skýrist af tekjum af rekstri Síldarkaffis sem námu 15,7 mkr. á árinu. Launakostnaður hækkaði töluvert milli ára, eða um rúmar 5 mkr., sem skýrist af auknum umsvifum með tilkomu safnkaffihússins. Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var neikvæð um 5,2 mkr. eða tæp 13% og skrifast tapið að mestu leyti á vaxtagjöld af lántöku hjá Arion banka vegna lokahnykks framkvæmda við Salthúsið.

Siglufirði, 18. júní 2025



Anita Elefsen, safnstjóri